



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 141/1174
komudagur 2.1.2013

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar – og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. desember 2012

Varðar: 194. mál lagafrumvarp 141. löggjafarþingi 2012—2013
Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannaþágu

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um Ríkisútvarpið og er í því frumvarpi gert ráð fyrir nokkuð viðamiklum breytingum á þáttöku RÚV á auglýsingamarkaði og kostun dagskrárefnis. Knattspyrnusamband Íslands vill koma á framfæri athugasemdum hvað varðar þann þátt frumvarpsins sem snýr að því að þrengja að möguleikum RÚV til kostunar dagskrárefnis í sjónvarpinu.

Í fyrsta lagi vekur það athygli að svo virðist sem engin aðili innan íþróttahreyfingarinnar hafi fengið frumvarpið til umsagnar en nánast allir íþróttabættir sem sýndir eru á RÚV eru kostaðir, oft í samvinnu við viðkomandi sérsambönd og þ.á.m. Knattspyrnusamband Íslands.

Ef kostun verður ekki heimiluð þegar kemur að helstu mótum og leikjum KSÍ þá er ekki annað að sjá en að sú breyting ein og sér gæti leitt til verri markaðsstöðu íslenskrar knattspyrnu en staðreyndin er sú að einungis tveir aðilar hafa staðið fyrir beinum útsendingum. Þá er hætt við að minna verði um útsendingar frá viðburðum sem höfða ekki jafnmikið til markaðarins, t.d. frá knattspyrnumótum kvenna og yngri iðkenda.

Það er von okkar að löggjafinn taki til endurskoðunar þann hluta frumvarpsins er lítur að möguleikum RÚV til kostunar dagskrárefnis.

Virðingarfyllst,


Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSI 